

Ár 2015, fimmtudaginn 19. nóvember kl. 8 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar var lögð fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða:

Í svari félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Björgvini G. Sigurðssyni um framtíð ART verkefnisins kemur eftirfarandi fram:

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 er ekki gert ráð fyrir frekari fjármögnun ART-verkefnisins en frumvarpið er nú í höndum Alþingis og ef þingið tekur ákvörðun um að fjármagna verkefnið áfram mun velferðarráðuneytið að sjálfsögðu ganga frá samningum um verkefnið.

Bæjarráð leggur ríka áherslu á að framtíð ART verkefnisins verði tryggð og hvetur þingmenn til að standa vörð um þetta mikilvæga verkefni sem hefur nýst börnum og fjölskyldum þeirra mjög vel á undanförunum árum. Með tilkomu ART verkefnisins hefur dregið mjög úr sértækum úrræðum sem eru kostnaðarsöm fyrir ríkið. Ekki er nógsamlega hægt að ítreka mikilvægi þess að íbúar eigi kost á þjónustu sem þessari í heimabyggð. Því biðlum við til þingmanna að þetta verkefni fái áframhaldandi fjárstuðning frá Alþingi.

## 1. Bréf sem borist hafa frá:

### 1.1. Nefndasviði Alþingi – Umhverfis- og samgöngunefnd frá 16. nóvember 2015.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 263. mál.

Bæjarráð furðar sig á þeirri ákvörðun að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna hlutdeildar í sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki skuli eiga að ráðstafa árlega í samræmi við álagt heildarútsvar ársins 2013.

Bæjarráð vill vekja athygli á að meðaltalsútsvar á landinu árið 2014 var kr. 417.035,- á íbúa. Útsvarsgreiðslur Hvergerðinga námu aftur á móti kr. 339.691,- á íbúa, Mismunurinn er kr. 77.344,- eða 18,54%.

Er það illskiljanlegt hvernig það getur talist sanngjarnt að sérstöku framlagi Jöfnunarsjóðs skuli eiga að ráðstafa þannig að þau sveitarfélög sem þegar hafa mestar tekjur fái bróðurpartinn en hin sitji eftir með sárt ennið.

Bæjarstjóra er falið að koma ofangreindu á framfæri við nefndina.

1.2. **The Snorri program frá 30. október 2015.**

Í bréfinu óskar Snorraverkefnið eftir styrk frá Hveragerðisbæ og/eða að Hveragerðisbær taki ungmenni í starfsþjálfun í 3 vikur í sumar.

Bæjarráð samþykkir að taka ungmenni í starfsþjálfun í allt að 3 vikur í sumar sem eiga rætur sínar að rekja til Hveragerðis.

1.3. **Stangaveiðifélagi Reykjavíkur frá 28. nóvember 2015.**

Í bréfinu óskar Stangaveiðifélag Reykjavíkur eftir að fá að setja niður 25 fm. veiðihús við Varmá austast við Sunnumörk.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en felur skipulags- og bygginganefnd nánari útfærslu þess.

1.4. **Norræna félaginu frá 13. nóvember 2015.**

Í bréfinu þakkar Norræna félagið fyrir móttöku Hveragerðisbæjar vegna sambandsþings Norræna félagsins sem haldið var í Hveragerði og Þorlákshöfn. Jafnframt óskar félagið eftir þátttöku Hveragerðisbæjar í vinabæjarmóti sem haldið verður í Hveragerði á blómstrandi dögum í ágúst 2016.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við bréfitara um þátttöku bæjarins í mótinu og væntanlegan kostnað vegna þess.

1.5. **Skólastjóra Óskalands, Gunnvöru Kolbeinsdóttur, frá 9. nóvember 2015.**

Í bréfinu óskar skólastjóri leikskólans Óskalands eftir að fá að loka leikskólanum fyrir hádegi á aðfangadag og gamlársgagnadag vegna lélegrar eða engrar nýtingar leikskólans þá daga.

Bæjarráð samþykkir að gera tilraun með lokun leikskólanna þessa daga árið 2015. Verði óánægja meðal foreldra og forráðamanna með þessa tilraun mun fyrra fyrirkomulag taka gildi árið 2016.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Bréf frá Sigurbirni Viktorssyni og Viktori Sveinssyni. Áður á dagskrá 639. bæjarráðsfundar.**

Í bréfinu óska bréfitarar eftir að fá lóðina Austurmörk 6,8 og 10 til umráða undir safn um íslenska hestinn.

Bæjarráð samþykkir að úthluta bréfiturum lóðinni þegar formleg umsókn og tilskilin gögn liggja fyrir. Það verði eigi síðar en 1. desember n.k.

2.2. **Umræða um lóðamál – Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi mættir á fundinn.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi mætti á fundinn og kynnti möguleika til atvinnuuppbyggingar á lausum lóðum í Hveragerði.

Um er að ræða eftirtaldar lóðir í miðbæ Hveragerðis eða austan Breiðumerkur:

Mánamörk 1 - 1.656,6 m<sup>2</sup>

Mánamörk 7 - 2.076 m<sup>2</sup>

Eftirtaldar lóðir fyrir gróðurhús eru lausar til umsóknar:

Gróðurmörk 3 - 4.780 m<sup>2</sup>

Gróðurmörk 7 - 4.947,3 m<sup>2</sup>

Gróðurmörk 7a - 1.899,4 m<sup>2</sup>

Gróðurmörk 9 - 4.779,5 m<sup>2</sup>

Ennfremur ræddi bæjarráð þá möguleika sem felast í atvinnusvæði neðan við Suðurlandsveg en þar hefur verið deildskipulagt svæði fyrir stórar athafnalóðir þar sem möguleiki er á að stærri fyrirtæki geti komið sér vel fyrir.

Bæjarráð samþykkir að að boða til fundar með hagsmunaaðilum í garðyrkju til að fara yfir hvað Hveragerðisbær geti gert til að efla stöðu greinarinnar í bæjarfélaginu.

**3. Fundagerðir til kynningar:**

**3.1. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, aðalfundargerð ásamt ályktunum frá 29. – 30. október 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:110

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)